



Fundargerð

13. fundur stjórnar FRÍ tímabilið 2016-2018, haldinn í fundarsal B í ÍSÍ kl. 17:15 11. jan 2017

Mætt: Freyr Ólafsson, Fríða Rún Þórðardóttir, Gunnar Svavarsson, Guðlaug Baldvinsdóttir, Lóa Björk Hallsdóttir og Jóney Gylfadóttir.

Formaður setti fund klukkan 17.15 og bauð fundarmenn velkomna.

1. Boðun fundar og rafrænt samþykkt mál bókuð

Boðun og dagskrá fundar, samþykkt. Fundargerð 12. fundar, samþykkt rafrænt milli funda.

2. Samþykktir um félagaskipti

Verkefnastjóri kynnti félagaskipti 10 einstaklinga. Engar athugasemdir gerðar. Upplýsingar verða birtar á heimasíðu.

3. Uppgjör árs 2016 og fjárhagsáætlun 2017

Gjaldkeri kynnti drög að uppgjóri ársins. Umræða var um fjárhagsáætlun 2017. Á næstu dögum verður unnið áfram með fjárhagsáætlun vegna móta.

4. Viðmið/lágmörk/reglur vegna utanlandsmóta 2017

ÍPA er með verkefnið hjá sér, stjórn býður umsagnar. Þegar hefur borist umsögn frá unglinganefnd.

5. FRÍ ehf.

Haldinn var hluthafafundur vegna FRÍ ehf. þar sem skipt var út stjórn í félaginu sbr. stjórnarskipti í aðalstjórn FRÍ sl. vor. Engin starfsemi fer fram í félaginu.

Stjórn félagsins skipa samkvæmt fundi þann 11.01.2017:

Freyr Ólafsson, stjórnarformaður, prókúruhafi og framkvæmdastjóri.

Fríða Rún Þórðardóttir, meðstjórnandi.

Guðlaug Baldvinsdóttir, meðstjórnandi.

Lóa Björk Hallsdóttir, varamaður.

Gunnar Svavarsson, varamaður.

Skoðunarmenn:

Björg Ágústsdóttir, skoðunarmaður.

Eiríkur Mörk Valsson, varaskoðunarmaður.

Verkefnastjóra falið að nálgast undirskriftir og skila eyðublaði og fundargögnum hluthafafundar til RSK.

6. Ný heimasíða

Formaður sagði frá breytingum á heimasíðu, gögn færð yfir í annað kerfi sem kemur til með að auka sveigjanleika. Vefsíðugerðina mun FRÍ fá að kostnaðarlausu frá styrktaraðila.



7. Búningamál

Tillaga hefur verið send á Íþróttamannanefnd, tengiliður nefndarinnar heldur utanum verkefnið.

8. Skrifstofa - Starfsmannahald

Lögð fram tillaga skrifstofuhóps. Sent á stjórnarmenn til umfjöllunar milli funda.

9. Opnir stjórnarfundir

Næstu stjórnarfundir verður eftir RIG leikana sem verða 4.febrúar

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:15. Ritun fundargerðar: Jóney Gylfadóttir